

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Miklaholtshellir 2, L223302.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi fyrir Miklaholtshelli 2, L223302, sem felur í sér að innan greinargerðar skipulagsins er gerð lagfæring á texta í lið 4.2 um mannvirki – Byggingarreitur B3 með eftirfarandi hætti:

Texti fyrir breytingu: Innan byggingarreits sem er samtals um 13.580 fm að stærð verður heimild fyrir tveimur allt að 1.500 fm alifuglahúsum. Hámarks-mænishæð er 8,0 m frá gólfplötu.

Texti eftir breytingu: Innan byggingarreits sem er samtals um 13.580 fm að stærð verður heimild fyrir tveimur alifuglahúsum, hámarksbyggingarmagn innan reitsins er allt að 3.000 fm. Hámarks-mænishæð er 8,0 m frá gólfplötu. Byggingarmagn helst því óbreytt en ekki er gerð krafa um að það skiptist jafnt á milli þeirra tveggja bygginga sem heimild er fyrir innan reitsins.

Samþykkt í sveitarstjórn 9. mars 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Efri-Gróf, lóð 4, L223072 og Árbót, L230532.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi að Efri-Gróf og Árbót, sem felur í sér stækkun á núgildandi deiliskipulagi svæðisins þar sem landið Árbót er fært undir skipulagið auk lóðarinnar Efri-Grófar, lóð 4.

Samþykkt í sveitarstjórn 9. mars 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. maí 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. maí 2021